

Fimmtudaginn 15. október 1981.

Nr. 10/1980. **Ásgeir M. Ásgeirsson**
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Kristjáni Grétari Marteinsyni og
Brunabótafélagi Íslands
 (Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1979. Útivistardómur gekk í því máli 7. janúar 1980. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 29. janúar 1980. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt 11.000.00 krónur (nýkr.) með 7% ársvöxtum frá 10. apríl 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa stefndu lýst yfir því, að þeir beri ekki fyrir sig, að krafa áfrýjanda sé fyrnd samkvæmt 78. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 3. gr. laga nr. 23/1972.

Áfrýjandi var farþegi gegn gjaldi í leigubifreiðinni Y 2277. Við það verður að miða, að afturhurð bifreiðarinnar hafi skolið á hann, er hann var að taka farangur sinn úr bifreiðinni í lok ökuferðar. Þykir það vera slíkur þáttur í notkun

bifreiðarinnar sem ökutækis í umferð, að rétt sé að telja, að hin hlutlæga skaðabótaregla 1. mgr., sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968 eigi við um tjón áfrýjanda. Ósannað er, að áfrýjandi hafi sjálfur átt sök á tjóni sínu. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968 bera stefndu óskipta ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Kröfur sínar sundurliðar áfrýjandi þannig:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Örorkubætur | 8.000.00 krónur |
| 2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum | 3.000.00 krónur |

11.000.00 krónur.

Ólafur Jónsson læknir mat örorku áfrýjanda af völdum slyss þessa 8. mars 1978. Segir svo í vottorði hans:

„Hér er um að ræða 68 ára gamlan fyrrverandi skipstjóra og núverandi verslunarmann, er varð fyrir slysi fyrir tæpum 6 árum, þannig að I. og II. fingur hægri handar klemmdust milli bílhurðar og stafs með þeim afleiðingum, að af hlaust nokkur mjúkpartaskaði, sem samkvæmt upplýsingum, er fyrir liggja, hefur valdið truflun á starfsgetu handarinnar, þannig að gripgeta milli þumalfingurs og annarra fingra hægri handar er skert og aflítil, auk þess sem tilfinning í fremstu kjúkum I. og II. fingurs er trufluð. Samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja, og vottorði Þorgeirs Jónssonar læknis var slasaði algerlega óvinnufær einn mánuð eftir slysið, og í samræmi við skoðun, er undirritaður gerði á slasaða í dag, verður að álykta, að af slysinu hafi hlotist nokkur varanlegur skaði á hægri hönd, er valdið hefir varanlegri örorku, sem tímabært er að meta, og telst örorka sú, er af slysinu hlaust, hæfilega metin 100% í einn mánuð, en 7% varanleg.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur 6. apríl 1978 reiknað með líkindatölum tjón áfrýjanda vegna slyss þessa. Miðar hann áætlanir sínar við tekjur áfrýjanda síðustu tvö árin fyrir slysið, en áfrýjandi stundar sjálfstæðan atvinnurekstur. Tekjur hans á þessum tíma voru um 60% af meðaltekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á

Þessum árum, og er það lagt til grundvallar í reikningum tryggingastaerðfræðingsins. Telur hann, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps áfrýjanda á slysdegi nemi 27.900 gkr. vegna tímabundinnar örorku, en 519.500 gkr. vegna varanlegrar örorku, eða alls 547.400 gkr. og sé þá miðað við 13% ársvexti.

Þá hefur sami maður 29. september 1981 reiknað tjón áfrýjanda af nýju samkvæmt sömu forsendum, en með hliðsjón af launaþróun í landinu. Telur hann, að þannig reiknað nemi höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps áfrýjanda á slysdegi samtals 13.420.00 nýjum krónum.

Pegar litið er til meiðsla áfrýjanda, tekna hans og annarra atriða, sem hér ber að virða, þykja hæfilegar heildarbætur til hans 8.000.00 krónur. Ber stefndu að greiða þá fjárhæð óskipt með vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 6.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Kristján Grétar Marteinsson og Brunabótafélag Íslands, greiði óskipt áfrýjanda, Ásgeiri M. Ásgeirssyni, 8.000.00 krónur með 7% ársvöxtum frá 10. apríl 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 6.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Tel rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 22. júní sl. að undan- gengnum munnlegum málflutningi, hefur Ásgeir M. Ásgeirs- son kaupmaður, áður til heimilis að Unnarbraut 4, Seltjarnar- nesí, en nú til heimilis að Vesturgötu 52, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1978, gegn Kristjáni Grétari Marteinssyni bifreiðarstjóra, Hófgerði 1, Kópa- vogi, og Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd- ir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 1.100.000 með hæstu lögleyfðu ársvöxtum, en á stefnubirtingardegi voru vext- irnir sem hér segir: 7% frá 10. apríl 1972 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% frá þeim degi til 21. nóvem- ber 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi og krafist máls- kostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, þ. m. t. útlagðan kostnað af gagnaöflun í málinu samkvæmt fylgiskjöllum.

Kröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefn- anda og þeim jafnframt dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Mál þetta var sem fyrr segir höfðað með stefnu, birtri 6. sept- ember 1978. Það var þingfest 12. september s. á., en undirritaður dómari fékk það til meðferðar 23. febrúar 1979. Dómarinn gekk á slysavettvang hinn 19. júní 1979 ásamt lögmonnum og aðiljum og kynnti sér þar aðstæður.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Atvik máls þessa eru þau, að mánudaginn 10. apríl 1972 var stefnandi farþegi í leigubifreiðinni Y 2277, en bifreið þessi var þá eign stefnda Kristjáns Grétars, og var hún tryggð lögboðinni

ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda váttryggingarfélagi. Var stefnanda ekið í bifreiðinni frá Sjóbúðinni við Grandagarð í Reykjavík og út á Seltjarnarnes, þar sem að lokum var stöðvað við heimili stefnanda að Unnarbraut 4 þar í bæ. Var bifreiðin stöðvuð í brekku framan við hús stefnanda, en brekka þessi er löng og aflíðandi. Hinn 8. febrúar 1973 gaf stefnandi skýrslu fyrir lögreglu, og hinn 8. maí 1979 kom hann fyrir dóm í máli þessu og gaf þá skýrslu. Stefnandi segir, að nokkur vindur hafi verið í umrætt sinn. Er bifreiðin hafi verið stöðvuð, hafi stefnandi beðið bifreiðarstjórnann að gefa sér nótu vegna akstursins, stigið út úr bifreiðinni og haft í hyggju að greiða ökugjaldið. Segist hann þá hafa veitt því athygli, að hann hafi gleymt poka með matvælum í í aftursæti bifreiðarinnar. Kveðst hann þá hafa ætlað að teygja sig eftir pokanum, stutt hendinni í því skyni við dyrastafinn og ætlað að seilast eftir pokanum. Snörp vindhviða hafi skyndilega komið og hafi hurð bifreiðarinnar af þeim sökum og vegna hallans skolið aftur með þeim afleiðingum, að hann hafi orðið með hægri höndina á milli hurðarinnar og dyrastafsins. Þumalfingur og vísifingur hafi klemmst á milli og hafi nokkuð blætt úr sárum handarinnar.

Að sögn stefnanda var bifreiðin kyrrstæð, er slysið gerðist. Stefndi Kristján Grétar kom fyrir dóm hinn 8. maí 1979. Hann segir, að bifreiðin hafi verið alveg kyrrstæð, þegar slysið gerðist. Hann kvaðst venjulega „drepa á“ bílnum við lok hverrar ökuferðar og láta hann í gír og handbremsu, þegar staðnæmst sé í halla. Ekki kvaðst hann þó geta fullyrt, hvort vél bifreiðarinnar hafi verið í gangi, þegar slysið gerðist, en taldi líklegra, að svo hefði ekki verið. Að eigin sögn og samkvæmt framburði stefnda Kristjáns Grétars hafði stefnandi neytt einhvers áfengis, áður en hann sté upp í leigubifreiðina við Grandagarð. Kveður stefndi Kristján Grétar það hafa verið vel merkjanlegt, að stefnandi var undir áhrifum áfengis. Vínlykt hafi verið af honum og svo hafi mátt sjá það af hreyfingum hans. Engu að síður hafi stefnandi verið þrúður og háttvís í framkomu. Stefnandi segist sjálfur hafa drukkið tvo þýska bjóra af Heinecken gerð, áður en hann steig upp í leigubifreiðina, en kvaðst ekki telja, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis.

Stefnandi kveðst hafa haft nokkrar þrautir í hendinni strax eftir slysið. Hann hafi látið plástra sárið heima, en man ekki eftir því, hvort hann fór á slysavarðstofu. Hann kvaðst hafa talið í upphafi, að slys þetta væri smávægilegt, og vonað, að það

mundi ekki draga dilk á eftir sér. Þrautir sínar hafi hins vegar farið vaxandi strax nóttina eftir og hann því farið til heimilislæknis síns strax á öðrum degi eftir slysið. Hann hafi alltaf alið þá von í brjósti, að meiðsli þessi mundu lagast af sjálfu sér, og ekki talið ástæðu til neins konar aðgerða af þeim sökum, enda vanur að hljóta alls kyns skrámur og skráveifur í starfi sínu sem sjómaður. Von þessi hafi þó ekki verið á rökum reist, því að kvalir hans og minnkandi starfsgeta af völdum slyssins hafi sífellt farið vaxandi. Hann hafi reynt að leita sér lækninga og verið til meðferðar hjá heimilislækni sínum, Þorgeiri Jónssyni, sem fylgst hafi með líðan sinni frá byrjun.

Stefnandi kveðst, eins og fyrr segir, lengi hafa vonast eftir því, að meiðslin af völdum slyssins löguðust af sjálfu sér. Hann hafi því dregið að láta framkvæma örorkumat, en er hann hafi verið orðinn úrkula vonar um bata, hafi hann látið af því verða. Framkvæmdi Ólafur Jónsson læknir örorkumat þetta hinn 8. mars 1979. Þar segir m. a. svo:

„Undirritaður skoðaði og talaði við slasaða í dag, og staðfestir hann í einu og öllu það, sem að framan greinir. Við skoðun kemur í ljós, að nokkur dofi er í fremstu kögglum I. og II. fingurs hægri handar og gripgeta handarinnar verulega minni heldur en þeirrar vinstri, þótt maðurinn sé réttthendur. Sýnilegur skaði er á naglbeði II. fingurs hægri handar, og er grip hans mjög máttlítið. Slasaði kveðst ekki geta notað ritvél eftir þetta slys, og auk þess kveðst hann eiga erfitt með að skrifa, en hann er kaupmaður og afgreiðslumaður í verslun. Auk þess kveðst hann eiga í verulegum erfiðleikum með að halda á smæstu hlutum milli fingra hægri handar og ófær með öllu um að halda öllu þyngra en sem svarar sigarettupakka.

Vegna þessa getuleysis hægri handar kveðst Ásgeir hafa átt allt frá því hann hóf vinnu eftir slysið mjög erfitt með störf sín við verslunarafgreiðslu og skriftir og hafi þetta leitt til óeðlilegrar þreytu í handleggnum og stirðleika í öxl.

Auk þess, sem að framan getur um skaddaðan naglbeð á II. fingri hægri handar, er ljóst, að allir fingur handarinnar eru óeðlilega kaldir og blóðrás í þeim sýnilega trufluð, þótt ekki sé það áberandi meira í I. og II. fingri heldur en í hinum þrem. Sársauka og snertiskyn er greinilega minnkað og virðist með öllu upphafið í fremstu kögglum I. og II. fingurs. Gripgeta milli þumalfingurs og annarra fingra hægri handar er mjög skert og afllítill.

Ályktun:

Hér er um að ræða 68 ára gamlan fyrrverandi skipstjóra og núverandi verslunarmann, er varð fyrir slysi fyrir tæpum 6 árum, þannig að I. og II. finger hægri handar klemmdust milli bílhurðar og stafs með þeim afleiðingum, að af hlaust nokkur mjúkpartaskaði, sem samkvæmt upplýsingum, er fyrir liggja, hefur valdið truflun á starfsgetu handarinnar, þannig að gripgeta milli þumalfingurs og annarra fingra hægri handar er skert og aflítil, auk þess sem tilfinning í fremstu kjúkum I. og II. fingurs er trufluð. Samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja, og vottorði Þorgeirs Jónssonar læknis var slasaði algerlega óvinnufær einn mánuð eftir slysið, og í samræmi við skoðun, er undirritaður gerði á slasaða í dag, verður að álykta, að af slysinu hafi hlotist nokkur varanlegur skaði á hægri hönd, er valdið hefur varanlegri örorku, sem tímabært er að meta, og telst örorka sú, er af slysinu hlaust, hæfilega metin 100% í einn mánuð, en 7% varanleg.“

Á grundvelli örorkumats Ólafs Jónssonar læknis framkvæmdi Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning hinn 6. apríl 1978. Í örorkutjónsútreikningnum kemur fram, að tekjur stefnanda síðustu tvö árin fyrir slysdag námu um 60% af meðaltekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna sömu ár. Er tekjuáætlun í örorkutjónsútreikningnum miðuð við, að tekjur séu 60% af meðaltekjum framangreindra stétta. Á þeim forsendum reiknaðist tryggingafræðingnum, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps stefnanda næmi á slysdegi kr. 27.900 vegna tímabundinnar örorku, en kr. 519.500 vegna varanlegrar örorku, eða samtals kr. 547.400. Við útreikning höfuðstólsandvirðis voru notaðir 13% ársvextir, dánarlíkur íslenskra karla eftir reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu, en ekki var tekið tillit til skatta.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að hann hafi orðið fyrir slysi því, er að framan er lýst, af völdum bifreiðarinnar Y 2277, er hún hafi verið í notkun sem leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldi samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968. Beri eigandi bifreiðarinnar, stefndi Kristján Grétar, því hlutlæga bótaábyrgð á tjóni því, er af hafi hlotist, samkvæmt 1. mgr. 69. gr. sömu laga. Kröfum sínum beini stefnandi gegn meðstefnda, Brunabótafélagi Íslands, samkvæmt 2. mgr. 74. gr.

umferðarlaga og 3. mgr., sbr. 1. mgr. 70. gr. þeirra laga. Telur stefnandi, að bifreiðin Y 2277 hafi óumdeilanlega verið í notkun í merkingu 1. mgr. 67. gr., þegar slysið varð. Það eitt nægi til þess, að bótaábyrgð verði lögð á eiganda bifreiðar, að hún hafi verið í notkun í merkingu 1. mgr. 67. gr., án þess að tjón þurfi jafnframt að orsakast af sérstökum hættueiginleikum bifreiða sem ökutækja. Sá skilningur á bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 67. gr., sem tengdur sé við hina sérstöku hættueiginleika bifreiða, sé of þröngur og eigi sér ekki stoð í lagagreininni sjálfri. Er það sjónarmið stefnanda, að til þess að heimilt sé að þrengja bótaábyrgð samkvæmt lagagrein þessari, eins og framangreint hættueiginleikasjónarmið geri ráð fyrir, þurfi slík þrenging að eiga sér stoð í lagaákvæðinu sjálfu, en því sé ekki til að dreifa. Því beri tvímælalaust að fella tjónstilvik sem þetta undir ábyrgðarreglu 1. mgr. 67. gr., enda sé leigubifreið í eðlilegri notkun, þegar farþegi sé tekinn um borð og honum hleypt út úr bifreiðinni á áfangastað. Telur stefnandi, að hinn þrengjandi skilningur á lagaákvæðum sé mjögt til þess fallinn að skapa réttaróvissu á þessu sviði.

Stefnandi kveður kröfugerð vera nokkru hærri heldur en örorkutjónsútreikningur gefi til kynna. Þessu valdi hin mikla verðbólga, sem hér ríki. Hafi kröfugerð því verið hagað sem raun beri vitni, þar sem sjá meg fram á, að nokkuð geti dregist, að endanlegur dómur liggi fyrir, frá því er mál er höfðað.

Ekki telur stefnandi, að bætur meg lækka vegna eigin sakar stefnanda. Hann hafi hegðað sér sem gegn og grandvar maður, er hann steig út úr bifreiðinni, og áfengisáhrif séu með öllu ósönnuð. Til þess að bætur meg lækka, þurfi stefndu að sanna sök stefnanda, en það hafi þeir ekki gert.

Kröfu sína telur stefnandi alls eigi fyrnda, en þeirri málsástæðu hafa stefndu haldið fram. Kröfur samkvæmt VI. kafla laga nr. 40/1968 fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í málum sem þessum, þar sem afleiðingar slyss séu oft lengi að koma fram, sé útilokað að miða upphaf fyrningarfrests við slysdag. Hér verði að miða við eitthvert seinna tímamark, þegar séð verður með vissu, hverjar verði endanlegar afleiðingar slyss. Samkvæmt vottorði Ólafs Jónssonar læknis, sem aflað hafi verið að tilhlutan réttarins og lagt fram í málinu á dómskjali nr. 15, sé fullyrt, að ekki hafi verið hægt að framkvæma örorkumat fyrr en eftir 6. desember

1974. Mál þetta hafi verið höfðað með birtingu stefnu 6. september 1978. Hafi þá ekki verið liðinn sá 4ra ára fyrningarfrestur, sem nú sé lögmæltur í 78. gr. laga nr. 40/1968. Sé því augljóst mál, að kröfur stefnanda séu eigi fyrndar, enda hafi stefndu eigi hnekktt áður nefndu vottorði Ólafs Jónssonar læknis.

IV.

Sýknukröfur sínar styðja stefndu í fyrsta lagi þeim rökum, að krafa stefnanda sé fyrnd. Stefnandi hafi slasast 10. apríl 1972 og ekkert hafi því verið til fyrirstöðu að meta örorku hans í febrúar 1973, er fyrra vottorð Þorgeirs Jónssonar læknis hafi verið ritað. Hafi stefnandi þá átt þess fyrst kost að leita fullnustu kröfu sinnar. Í síðara vottorði Þorgeirs Jónssonar, sem skrifað sé 6. desember 1974, komi ekkert nýtt fram, er stutt geti með rökum aðra niðurstöðu. Telja stefndu, að vottorð Ólafs Jónssonar á dómskjali nr. 15 breyti í engu þessari staðreynd.

Í öðru lagi styðja stefndu sýknukröfu sína þeim rökum, að bifreiðin Y 2277 hafi ekki verið í notkun í merkingu 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, þegar slysið gerðist, og að slysið verði ekki rakið til hættueiginleika bifreiðarinnar, sem sé forsenda þess, að bótaábyrgð samkvæmt lagagrein þessari stofnist. Það sé sjónarmið stefnanda, að vindur og halli götunnar hafi valdið því, að hurðin hafi skolið aftur. Hvorugt komi bifreið eða notkun hennar við, enda megi jafna slysi stefnanda við tjón, sem hljótist af því, að hurð á húsi skelli aftur og maður klemmist á milli.

Loks telur stefnandi (sic), að slysið verði eingöngu rakið til ógætni stefnanda og því eigi að beita 3. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, ef sú lagagren verði talin eiga við um slys þetta, og beri því að fella fébætur alveg niður.

V.

Alit réttarins.

Slys það, er mál þetta er risið af, gerðist hinn 10. apríl 1972. Í vottorði Ólafs Jónssonar læknis á dómskjali nr. 15, sem aflað var að tilhlutan dómsins, segir svo m. a.: „Það er augljóst, að ekki er mögulegt að framkvæma mat á varanlegri örorku fyrr en ljóst er, að um slíka örorku sé að ræða, og samkvæmt framan-sögðu var sú vitneskja ekki talin fyrir hendi samkvæmt þeim gögnum, er undirritaður hafði tiltæk, fyrr en síðara vottorð Þor-

geirs Jónssonar læknið var gefið út, og því ekki hægt að framkvæma umrætt örorkumat fyrr en eftir þann 6. desember 1974. Stefndu lýstu því yfir við munnlegan flutning málsins, að þeir vefengdu ekki framangreint vottorð Ólafs Jónssonar efnislega. Þar sem stefndu hafa ekki vefengt vottorð þetta né neitt það komið fram í málinu, er hnekkð getur gildi þess, verður að leggja til grundvallar, að stefnanda hafi þess fyrst verið kostur að leita fullnustu kröfu sinnar eftir 6. desember 1974. Mál þetta er höfðað með birtingu stefnu 6. september 1978. Verður því ekki talið með vísan til 78. gr. laga nr. 40/1968, að sýkna beri stefndu vegna þess, að krafa stefnanda á hendur þeim sé fyrnd.

Eins og fyrr segir, gerðust atvik máls þessa 10. apríl 1972. Hinn 8. febrúar 1973 gaf stefnandi skýrslu um málsatvik fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Hið sama gerði stefndi Kristján Grétar 2. maí 1973. Skýrslur fyrir dómi voru síðan ekki gefnar fyrr en 8. maí 1979, eða um það bil 7 árum eftir slys. Af þessum sökum reyndist eigi unnt þrátt fyrir viðleitni dómsins að upplýsa mál þetta svo nákvæmlega sem skyldi. Stefndi og stefndi Kristján Grétar eru þó sammála um, að bifreiðin hafi verið kyrrstæð, þá er slysið gerðist. Aðrir sjónarvottar voru ekki að atburði þessum.

Á það má fallast með stefnanda, að bifreiðin Y 2277 hafi verið í notkun sem leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldi samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, þegar stefnandi varð fyrir slysi því á hendi, er að framan er lýst. Eigi að síður er það álit réttarins, að tjón það, er af hlaust, sé ekki bótaskyldt samkvæmt 1. mgr. 67. gr. áðurnefndra laga, þar sem slysið verður hvorki rakið til hreyfingar bifreiðarinnar né hættueiginleika, sem telja má einkennandi fyrir ökutæki framar öðrum farartækjum. Eiga því sjónarmið þau, er liggja að baki sérreglu 1. mgr. 67. gr. ekki við í máli þessu.

Bótakröfur í máli þessu eru af hálfu stefnanda einvörðungu reistar á 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968. Eigi verður séð, að fyrir hendi sé skaðabótaskylda vegna annarra ástæðna. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Grétar Marteinsson og Brunabótafélag

Íslands, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Ásgeirs M. Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. október 1981.

Nr. 9/1980. **Borgarstjórnin í Reykjavík**

f. h. borgarsjóðs

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Reyni Þórðarsyni

(Tómas Gunnarsson hrl.).

Vextir. Fjárnámsgerð úr gildi felld. Sérátkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1980. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framkvæmd fjárnáms. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Akvæði í dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1979 um vexti af þeirri fjárhæð, sem stefnda var dæmd úr hendi áfrýjanda með þeim dómi, geta ekki eftir orðum sínum verið grundvöllur þess vaxtareiknings, sem stefndi styður fjárnámskröfu sína við.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna fjárnáms.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda máls-